

Reykjavík 1. október 2020

**Ofbeldisvarnarnefnd 5. október: Tillaga um stofnun starfshóps sem vinni að því verkefni að ná ofbeldi í Reykjavík niður um 50% á næstu 10 árum.**

Lagt er til að ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar skipi starfshóp til að vinna að því verkefni að ná ofbeldi niður um 50% á næstu 10 árum en borgarstjóri hefur skrifað undir viljayfirlýsingu þess efnis á vegum Samtaka borgarstjóra (Global Parliament of Mayors) og hefur útfærslunni verið vísað til ofbeldisvarnarnefndar. Starfshópurinn leggi reglubundið fyrir ofbeldisvarnarnefnd bæði tölfræði en einnig hugmyndir að aðgerðum sem nefndin leggur mat á og skilar svo tillögum til borgarráðs sbr. samþykktir ofbeldisvarnarnefndar. Starfshópurinn verði vistaður á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Verkefnið kallar á samvinnu ýmissa aðila sem bæði eiga sæti í ofbeldisvarnarnefnd, m.a. nána samvinnu við Lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu, en einnig aðra aðila utan hennar.

Til að geta mælt hvort verið sé að ná árangri þarf að skilgreina við hvaða tölfræði eigi að miða við í upphafi og fylgjast svo með hvernig gengur og leggja mat á það til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að ná settu markmiði.

**Greinargerð:**

Borgarstjórar víðs vegar í heiminum ætla árið 2030 að hafa náð ofbeldi niður um 50% frá því sem nú er. Borgarstjórinn í Reykjavík er einn þeirra og hefur hann skrifað undir yfirlýsingu þess efnis að vinna að þessu markmiði.

Þeir borgarstjórar sem hafa skrifað undir þessa yfirlýsingu og eru hluti af samtökum borgarstjóra (Global Parliament of Mayors) telja að hægt sé að fækka tilvikum um ofbeldi með forvörnum og félagslegum og efnahagslegum aðgerðum og síðast en ekki síst – samvinnu.

Covid 19 faraldurinn hefur haft afar mikil félagsleg, efnahagsleg og pólitísk áhrif í heiminum. Hann hefur einnig haft í för með sér aukið ofbeldi í öllum stéttum samfélagsins. Konur og börn hafa í auknum mæli orðið fyrir heimilisofbeldi en einnig starfrænu ofbeldi og sömu sögu er að segja um ýmsa viðkvæma hópa í samfélaginu.

Reykjavíkurborg hefur lagt mikla áherslu á að vinna gegn ofbeldi og þetta markmið fellur vel að þeirri vinnu. Mörg verkefni sem þessu tengjast er að finna í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi. Má þar nefna verkefnið Saman gegn ofbeldi sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfisins og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og snýr að heimilisofbeldi, verkefnið Nordic Safe Cities sem er samstarfsverkefni borga á Norðurlöndum og snýst um að koma í veg fyrir að hatursorðræða og öfgahyggja nái að blómstra og verkefnið öruggir skemmtistaðir sem er samstarfsverkefni borgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þeir borgarstjórar sem hafa skrifað undir líta svo á að heimsbyggðin eigi að setja það í forgang að sporna við ofbeldi. Fjöldi fólks er drepið ár hvert í átökum sem tengjast öfgahyggju, glæpum og heimilisofbeldi. Á meðan margvíslegar aðgerðir þessu tengdar eru á könnu ríkisvaldsins þá telja borgarstjórnir mikilvægt að leggja sitt lóð á vogsálarnar.